

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fyrirsjáanlegur sé verulegur raforkuskortur á Vestfjörðum. Ber því nauðsyn til að hefjast þegar handa um mannvirkjagerð til aukningar raforkuframleiðslu í Mjólka í Arnarfirði. Er ákveðið að byrja mannvirkjagerðina þegar á þessu sumri. Lagaheimild skortir hins vegar til þessara framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólka í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ána til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*